

Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum



Forsíðumyndin



Forsíðumyndin er af starfsmönnum Vegagerðarinnar á Húsavík sem undanfarið hafa unnið að því að laga þjóðveg í nágrenni Húsavíkur sem hafa látið á sjá í vetur. Hér eru þeir að gera við vegakaflann við Laxárbrú í Reykjahverfi. Myndina tók Aðalsteinn Á. Baldursson.

Hjálparsveit skáta í Aðaldal færð gjöf



Verkalýðsfélag Húsavíkur afhenti nýlega Hjálparsveit skáta í Aðaldal kr. 120.000,- til kaupa á fjarskiptabúnaði á snjósléða. Gjöfin

er gefin í tilefni af 95 ára afmæli Verkalýðsfélags Húsavíkur síðar á árinu. Kjartan Traustason tók við gjöfinni f.h. sveitarinnar.

VH skorar á ríkið og SA að hækka lægstu laun

Verkalýðsfélag Húsavíkur ályktaði nýlega um samþykkt Launanefndar sveitarfélaga um hækkun lægstu launa umfram ákvæði kjarasamninga. Almenn ánægja er með samþykktina hjá starfsmönnum sveitarfélaga sem falla undir þetta ákvæði. Ályktun VH er eftirfarandi:

Ályktun

- Ríkið og Samtök atvinnulífsins feti í fótspor Launanefndar sveitarfélaga -

Verkalýðsfélag Húsavíkur fagnar tillögum Launanefndar sveitarfélaga um að hækka lægstu laun sérstaklega umfram ákvæði kjarasamninga. Samþykktin nær til starfsmanna sveitarfélaga sem hafa 140 þúsund krónur á mánuði eða minna. Reiknað er með að lægstu laun hækki um 12%.

Félagið skorar á Samtök atvinnulífsins og fjármálaráðherra fh. ríkisjós að fylgja fordæmi Launanefndar sveitarfélaga og hækka lægstu laun verkafólks sér-

staklega umfram kjarasamningsbundnar hækkanir.

Það er ólíðandi með öllu að stofnanir og fyrirtæki komist upp með að greiða verkafólki innan við 140 þúsund krónur í mánaðarlaun fyrir fullt starf. Sem dæmi má nefna að sérhæfður fiskvinnslumaður kemst hæst í 117 þúsund krónur á mánuði í föst laun. Þá er ekki óalgengt að ófaglært starfsfólk á sjúkrahúsum sé með um 120 - 130 þúsund krónur í föst mánaðarlaun. Þetta er sá veruleiki sem við búum við í dag. Þessum veruleika vill Verkalýðsfélag Húsavíkur breyta með það að markmiði að þjóðarsátt náist um verulega hækkun lægstu launa.

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur farið framarlega í flokki þeirra stéttarfélaga sem hvað harðast hafa barist fyrir hækkun lægstu launa. Félagið hvetur önnur stéttarfélög til að herða baráttuna fyrir bættum kjörum verkafólks sem býr við það hlutskipti að vera á lágmarkskjörum.

Félagsmenn athugið!

Rétt er að benda þeim einstaklingum sem eru á vinnumarkaði og ekki hafa náð að greiða lágmarksgjaldið til stéttarfélaganna fyrir árið

2005 að gera það fyrir 15. mars ætli þeir að viðhalda réttindum í félögunum. Lágmarksgjaldið er kr. 6.000,-.

Góð heimasíða hjá Haffa

Sá ljúfi drengur Hafþór Hreiðarson ljósmyndari með meiru er með mjög áhugaverða heimasíðu www.123.is/skipamyndir. Á heimasíðu Haffa eru skemmtilegar mannlífsmyndir af svæðinu og þá hefur hann einnig verið duglegur að

mynda báta og skip víða um land enda áhugamaður um siglandi fley. Fréttabréf stéttarfélaganna mælir með heimasíðu Haffa. Hugsanlega er mynd af þér á heimasíðunni, hver veit?

Fosshótel Húsavík sækir fram



Terían á Hótel Húsavík hefur verið opnuð aftur og fagna því margir. Þegar blaðamaður Fréttabréfsins leit þar við og fékk sér franskar og tómatsósu að gömlum sið tóku þær Halla og Friða brosandí á móti bonum sem og öðrum viðskiptavinum.

Miklar breytingar eru fyrirhugaðar á Fosshótel Húsavík eftir að nýir eigendur eignuðust hótelið. Unnið er að því að laga húsnæðið auk þess sem framkvæmdir standa yfir sem miða að því að fjölga herbergjum um 26. Þá hefur gamla góða terían verið opnuð aftur og nú geta gestir og gangandi fengið ljúffengar máltíðir á góðu verði á hótelinu. Nýr hóteltjóri hefur einnig

verið ráðinn, en það hún Hallveig Höskuldsdóttir. Hallveig sagðist bjartsýn á framtíðina og nú þegar væri nánast orðið fullbókað á hótelið í sumar. Þess má einnig geta að Hallveig leit við á Skrifstofu stéttarfélaganna til að kynna sér lög og reglur á vinnumarkaði þar sem metnaður hennar sem stjórnanda og Fosshótela er að hafa þau mál í góðu lagi.

Vp styrkir sumarferð

Stjórn Verkalýðsfélags Þórs hafnar hefur ákveðið að styrkja sumarferð á Snæfellsnes, sem fyrirhuguð er á vegum Félags eldri borgara við Pistilfjörð. Styrkuppæð

er Kr.80.000,-, Félagið hefur á síðustu árum komið að mörgum góðum verkefnum enda félagið öflugt undir stjórn Kristínar Kristjánsdóttur.

Sungið og spilað á aðventu

Það er orðin föst hefð hjá fjölmörgum Þingeyingum að líta í kaffi til stéttarfélaganna á aðventu. Um 400 manns komu að þessu sinni og þáðu veitingar og hlustuðu á nemendur Tónlistarskólans á Húsa-

vík leika nokkur lög. Þá kom Samkórinn undir stjórn Hólmfríðar Benediktsdóttur í heimsókn og gerði góða lukku. Stéttarfélögin þakka öllum þeim sem komu fram og gestum fyrir komuna.



Sniðug hugmynd að fæðast á Raufarhöfn

Verkalýðsfélag Húsavíkur samþykkti á fundi 14. febrúar sl. að styrkja áhugahóp sem stendur að Handverks-gallery á Raufarhöfn um kr. 100.000,-. Með þessu framlagi vill félagið leggja sitt að mörkum svo þessi metnaðarfulla hugmynd geti orðið að veruleika. Hópur kvenna á Raufarhöfn hefur unnið að því

undanfarið að setja á stað handverkshóp með það í huga að framleiða minjagripir sem tengjast Raufarhöfn. Þær eru stórhuga og hafa undanfarið unnið að fjármögnun verkefnisins. Vonandi tekst þeim það þar sem verkefnið er mjög áhugavert.

Atvinnuhúsnæði til leigu!

Stéttarfélagin auglýsa til leigu frá 1. júlí 64m² húsnæði að Garðarsbraut 26, núverandi hársnyrtistofu Jónu og Rósu. Húsnæðið hentar mjög vel undir allskonar starfsemi. Áhugasamir hafi samband við Aðalstein Á. Baldursson á Skrifstofu stéttarfélaganna.



Tilkynning til félagsmanna VH, VÖ, VÞ

Stjórn Landsmenntar ákvað á stjórnarfund 13. febrúar að hækka einstaklingsstyrki sjóðsins. Hækkunin tekur gildi f.o.m. 1. janúar 2006. Þetta þýðir að það sem búið er að greiða af styrkjum vegna ársins 2006 þarf að leiðrétta m.t.t. hækkunarinnar.

Hækkunin er sem hér segir: Greitt er að hámarki kr. 44.000,- (var áður 35.000,-), aldrei er þó greitt meira en sem nemur 75% af námskostnaði. Styrkur vegna aukinna ökuréttinda hækkar í kr.

81.000,- (var kr. 42.500,-) og getur viðkomandi einstaklingur einungis fengið þennan styrk einu sinni. Þá hækka styrkir vegna tómsundánámskeiða í hámark kr.15.000,- (var kr. 12.000,-) og er endurgreiðsla vegna þeirra 50% af kostnaði eins og áður var. Styrkir vegna tómsundánámskeiða dragast jafnframt af heildarupphæð einstaklingsstyrks þess árs kr. 44.000,-.

Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélag Öxarfjarðar

Sigurlaug vann

Fjölmargir skiluðu inn svörum við krossgátu sem var meðfylgjandi síðasta fréttabréfi stéttarfélaganna. Sigurvegari varð Sigurborg Gunnlaugsdóttir, Engihlíð Þingeyjarsveit og fékk hún veglega matarkörfu frá Samkaupum –Úrval í verðlaun. Hún fékk einnig Sögu Verkalýðsfélags Húsavíkur að gjöf. Katrín Ragnarsdóttir og Inga G. Sumarliðadóttir frá Húsavík unnu einnig til verðlauna og fengu þær konfekt í verðlaun. Stéttarfélagin þakka öllum þeim fjölmörgu sem tóku þátt í leiknum fyrir þátttökuna.



Ráðstefna um starfsmenntun fiskvinnslufólks



Aðalsteinn Á. Baldursson form. Matvælasviðs SGS og Einar Kr. Guðfinnsson sjávarútvegsráðherra fluttu ræður á ráðstefnu um starfsmenntun í fiskvinnslu á Íslandi.

Um þessar mundir eru liðin tuttugu ár síðan skipulögð fræðsla hófst á vegum Starfsfræðslunefndar fiskvinnslunnar og var þess sérstaklega minnst með ráðstefnu á Akureyri 10. febrúar. Sjávarútvegsráðuneytið fjármagnar að mestu námskeiðin með árlegum framlögum sem nema um 10 til 12 milljónum. Á þeim tuttugu árum sem liðin eru hafa um 14 þúsund starfsmenn lokið námskeiðunum. Um er að ræða 40 stunda grunnnámskeið sem fiskvinnslufólk hefur rétt á að sækja á fyrsta starfsári. Þeir sem sækja námskeiðin útskrifast sem sérhæfðir fiskvinnslumenn auk þess sem þeir fá launahækkun eins og kveðið er á um í kjarasamningum. Á þriggja ára fresti eiga þeir sem lokið hafa grunnnámskeiðinu rétt á 8 stunda upprifunarnámskeiði.

Á ráðstefnunni á Akureyri kom fram almenn ánægja með hvernig til hefur tekist með námskeiðahaldið fram að þessu þrátt fyrir að alltaf megi gera betur. Vilji er til þess að tryggja þau enn frekar í sessi og kom það fram í máli Sjávarútvegsráðherra og annarra aðila sem

töluðu á ráðstefnunni á Akureyri. Námskeiðin hafa verið í stöðugri þróun og nú hefur verið ákveðið að bjóða upp á val, þannig að sex þættir af tíu verði bundnir og hægt verði að velja fjóra af öðrum sex til að fylla 40 stunda námskeiðið. Áður var þetta ekki hægt, þá byggðu námskeiðin á tíu fjögurra stunda þáttum.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að veruleg fjölgun erlendra starfsmanna hefur orðið í fiskvinnslu á Íslandi. Ekki er ólíklegt að sá hópur sé um 20% af þeim sex þúsund sem starfa í fiskvinnslu á Íslandi. Þá er ekki talin með sá fjöldi erlendra starfsmanna sem fengið hefur íslenskan ríkisborgararétt. Starfsfræðslunefndin hefur brugðist við þessari þróun með því að gefa kennsluefnið út á þremur tungumálum, það er á íslensku, pólsku og ensku. Þannig vill nefndin koma til móts við þá sem tala ekki eða skilja íslenskt mál. Þá má geta þess að námskeiðin hafa vakið athygli erlendis og hafa fulltrúar m.a. frá Noregi, Kanada og Bandaríkjunum komið í heimsókn til Íslands til að kynna sér uppbyggingu námskeiðanna.

Góður afsláttur fyrir félagsmenn hjá Frumherja

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samið við Frumherja um að veita félagsmönnum 15% afslátt af reglubundinni skylduskoðun ökutækja á þeirra vegum. Afslátturinn fæst gegn staðfestingu á því að þeir séu félagsmenn. Afsláttur þessi nær einnig til félagsmanna þeirra félaga

sem aðild eiga að Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík. Áður en að félagsmenn láta skoða sína bíla þurfa þeir að koma við á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá vottorð um að þeir séu fullgildir félagsmenn.

Tölvunámskeið á Raufarhöfn

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum á Raufarhöfn upp á tölvunámskeið fyrir byrjendur. Á námskeiðinu verður farið yfir hvernig tölvan virkar, notkun ritvinnslu og internetið. Um er að ræða 10 tíma námskeið og kennt verður helgina 11. til 12. mars í Grunnskóla Raufarhafnarhrepps. Námskeiðið er frítt fyrir félagsmenn. Kennari verður

Óskar Birgisson og skráning er á Skrifstofu stéttarfélaganna á Húsavík í síma 464-6600. Þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar.

Námskeiðið er samstarfsverkefni Verkalýðsfélags Húsavíkur og Fræþings. Þá leggur Raufarhafnarhreppur til tölvuverið í grunnskólanum sem ástæða er til að þakka fyrir.

Líkur á sameiningu VH og VÖ



Félagsfundur í Verkalýðsfélagi Öxarfjarðar samþykkti sambljóða tillögu um að óska eftir viðræðum við VH um sameiningu félaganna.

Mikill vilji er meðal stjórnarmanna Verkalýðsfélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Öxarfjarðar að sameina félögin í vor. Verkalýðsfélag Öxarfjarðar boðaði til félagsfundar um málið í febrúar þar sem tillaga þess efnis var samþykkt samhljóða. Viðræðunefnd félag-

anna fundaði í vikunni og samþykkti að vinna að sameiningu félaganna með það að markmiði að halda stofnfund félagsins í apríl n.k.

Hafi lesendur tillögur um gott nafn á félagið er þeim bent á að hafa samband við skrifstofu stéttarfélaganna sem fyrst.

Laugafiskur - fundur með starfsmönnum



Starfsmenn Laugafisks sem útskrifuðust sem Sérþæfðir fiskvinnslumenn í janúar fengu afbendar rauðar rósur frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur í tilefni af tímamótunum þegar fulltrúar félagsins voru á ferð í Reykjadalnum í síðustu viku.

Fulltrúar Verkalýðsfélags Húsavíkur heimsóttu starfsmenn Laugafisks í síðustu viku. Almennar umræður urðu um kjaramál og þá fengu þeir starfsmenn fyrirtækisins sem útskrifuðust sem

sérþæfðir fiskvinnslumenn í janúar blóm og tertu frá Verkalýðsfélagi Húsavíkur. Heimsóknin er liður í markmiðum félagsins að heimsækja sem flesta vinnustaði á svæðinu með reglulegum hætti.

Jólasveinar leita réttar síns hjá VH



Í aðdraganda jólanna voru miklar umræður um kaup og kjör jólasveina víða um land og einnig á alþjóðavísu. Vegna óhóflegs vinnuálags í desember og skorts á skýrum ákvæðum um réttindi jólasveina til frítöku og hvíldartíma komu fjórir fulltrúar þeirra á fund Verkalýðsfélags Húsavíkur og óskuðu eftir aðstoð við að stofna jólasveinasvið innan verkalýðsfélagsins, sem á ensku myndi útleggjast Jólasveina-Union. Þó skal tekið fram að jólasveinasvið líkjast á engan hátt lambasviðum eða leiksviðum.

Jólasveinarnir, með Stekkjastaur og Hurðaskelli í forsvari, fóru yfir stöðuna með Aðalsteini Á Baldurssyni, formanni VH og lýstu áhyggjum sínum af bágrí samningsstöðu sinni gagnvart vinnuveitenda sínum, Grýlu og Leppalúða ehf., þar sem stjórnendur fyrirtækisins væru jafnframt foreldrar þeirra. Sem dæmi nefndu þeir að Grýla hefði flengt Ketkrók þegar hann óskaði eftir því að hangiketið sem hann krækti í væri heilbrigðisvottað og að Leppalúði hefði greitt Gáttaþef einn á lúðurinn þegar hann bað um að fá eingreiðslu í desember, báðir lögðu þeir fram áverkavottorð þessu til sönnunar. Þau hótuðu enn fremur að leita til erlendra starfsveinalaiga ef þeir „hættu ekki þessari vitleysu hið snarasta“ svo vitnað sé beint í Grýlu, sem er

starfssveinastjóri fyrirtækisins.

Jólasveinarnir lögðu fram ýmsar kröfur sem eru í samræmi við launaþróun á almenna vinnu-markaðnum, t.d. óskuðu þeir eftir að fá desemberuppstúf eigi síðar en 15. desember og að Gluggagægi yrði tryggður lögvarinn réttur til að gægjast á glugga án þess að eiga yfir höfði sér ákæru vegna brots á lögum um friðhelgi einkalífs. Einnig vildu þeir gera kröfu um að skipaður yrði trúnaðarsveinn og öryggistrúnaðarsveinn og tryggt yrði að réttur þeirra yrði ávallt kjörtréttur. Af öðrum kröfum má nefna skilyrði Skyrgáms um að KEA skyldi verði betur sykrað, Bjúgnakrækir og Ketkrókur fóru fram á að Norðlenska auki fitu-prósentu í kjötvörum sínum eins og var áður og Askasleikir lagði fram kröfu um að askaeign og notkun verði gerð að skilyrði á íslenskum heimilum í desember með laga-setningu.

Jólasveinarnir áskilja sér rétt til að leggja fram frekari kröfur í framtíðinni en vildu að lokum óska öllum gleðilegra jóla og Kertasníkir óskaði sérstaklega eftir því að þau kerti sem honum yrðu boðin á aðfaranótt aðfangadags væru frá Stóruvöllum í Bárðardal en þaðan koma, að hans mati, langbragðbestu kerti landsins. Þangað mun hann að öllum líkindum flytja lögheimili sitt fyrir næstu jól.

VH veitir SSÍ umboð til að semja fyrir smábátasjómenn

Verkalýðsfélag Húsavíkur hefur samþykkt að veita Sjómannasambandi Íslands f.h. félagsins fullt umboð til að ganga frá kjarasamningi fyrir sjómenn á bátum undir 12 brl. Slíkur kjarasamningur er ekki til í dag á vegum Sjómannasambandsins og aðildarféлага þeirra. Vitað er af einum til tveimur staðbundnum samningum á tveimur útgerðarstöðum sem gilda

aðeins fyrir sjómenn á viðkomandi stöðum. Sjómannasamband Íslands á nú í viðræðum við Landsamband íslenskra smábátasjómannna um málið. Verkalýðsfélag Húsavíkur telur mjög mikilvægt að gengið verði frá kjarasamningi milli aðila ekki síst þar sem sjómönnum á smábátum hefur fjölgað töluvert á síðustu árum.

Fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Sumarhús, íbúðir, Edduhótel, farfuglaheimili og fleira

Samstarf félaganna – fjölbreyttir möguleikar

Með samstarfi stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum, Verkalýðsfélags Húsavíkur, Verslunarmannafélags Húsavíkur, Þingiðnar, Verkalýðsfélags Öxarfjarðar, Starfsmannafélags Húsavíkur og Verkalýðsfélags Þórshafnar býðst félagsmönnum nú mikið úrval af orlofskostum.

Félagsmönnum bjóðast orlofshús, íbúðir, gistiávisanir í Edduhótelum og farfuglaheimilum og endurgreiðsla á gistikostnaði á tjaldsvæðum.

Orlofshús og -íbúðir

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp á orlofshús og íbúðir. Leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir er kr. 13.500 á viku. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Í sumar stendur félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og -íbúðir:



Freyjugata 10 Reykjav.

Íbúð 1: 2 svefnherb. Útv. / Sjónv.

Íbúð 2: 1 svefnh. Útv. / Sjónv.

Íbúð 3: Stúdíóíbúð. Útv. / Sjónv.

• Orlofsíbúðir Freyjugötu Reykjavík

Stéttarfélögin bjóða félagsmönnum sínum upp á gistingu í 3 orlofsíbúðum við Freyjugötu í Reykjavík. Íbúðirnar eru vel staðsettar, t.d. í göngufæri frá miðbæ Reykjavíkur og Landsspítalanum.

Á 1. hæð er íbúð með tveim svefnherbergjum. Svefnherbergi með hjónarúmi og barnaherbergi með koju. Auk þess eru tvær aukadýnur í íbúðinni.

Á 2. hæð er íbúð með eitt svefnherbergi með hjónarúmi. Í stofu er tvíbreiður svefnsófi og tvær aukadýnur.

Á 3. hæð er stúdíóíbúð, þannig að eldhús, stofa og svefnastaða er í sama rýminu. Í íbúðinni er

hjónarúm, svefnsófi og tvær aukadýnur.



Asparfell 8 Reykjav.

Íbúð: 1 svefnherb. Útv. / Sjónv.

• Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.

Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

• Orlofshús Munaðarnesi



Munaðarnes

3 svefnherb. / heitur pottur

Í orlofsbyggðinni Munaðarnesi, sem er 23 km. fyrir norðan Borgarnes, er boðið upp á tvö 53 m² orlofshús. Í húsunum eru þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og hin tvö með koju. Við húsin er heitur pottur og stór verönd. Húsunum í Munaðarnesi fylgja sængurföt.

Góð aðstaða er fyrir börn í Munaðarnesi, m.a. leikvöllir.

Munaðarnes er vel í sveit sett í þjóðbraut í miðjum Borgarfirði og því er stutt á flesta áfangastaði á Suð-vesturlandi og Snæfellsnesi.

• Orlofshúsið Hálsaból við Grundarfjörð

Orlofshúsið er 3 km. fyrir vestan Grundarfjörð, er 45 m² á stærð og var byggt á s.l. ári. Í húsinu er tvö svefnherbergi með hjónarúmi og aukarúmi fyrir ofan. Svefnsófi er í stofu. Við húsið er heitur pottur og verönd.



Hálsaból v/Grundarfj.

2 svefnherb. + svefnsófi í stofu
Heitur pottur



Alviðra Dýrafirði

2 svefnherb. + svefnsófi í stofu

• Íbúð Alviðru Dýrafirði

Alviðra er við norðanverðan Dýrafjörð, um 20 km. frá Þingeyri og um 40 km. frá Ísafirði. Orlofshúsið er 42 m² með tveim svefnherbergjum. Í öðru þeirra er hjónarúm og koja og í hinu er rúm og koja. Í stofu er svefnsófi.



Kjarnaskógur við Akureyri

3 svefnherb.

• Orlofshús Kjarnaskógi

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m² orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.



Illugastaðir Fnjóskadal

2 svefnherb. og svefnsófi

• Orlofshús Illugastöðum

Í boði er nýlegt 48 m² orlofshús í orlofsbyggðinni Illugastöðum í Fnjóskadal. Byggðin er staðsett á milli Húsavíkur og Akureyrar.

Í húsinu er tvö svefnherbergi, annað með hjónarúmi og hitt með tveim kojum. Í stofu er svefnsófi. Við húsið er góð verönd.

Á Illugastöðum er gott leiksvæði fyrir alla fjölskylduna og sundlaug með heitum pottum. Vegna framkvæmda verður húsið ekki laust til leigu fyrr en 30. júní.



Dranghólaskógur Öxarf.

3 svefnherb.

• Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 2. júní til 18. ágúst.



Eiðar á Héraði

3 svefnherb.

• Orlofshús Eiðum

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m² orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og tvær aukadýnur en kojur í hinum. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát. Húsinu á Eiðum fylgja sængurföt.



Einarstaðir Héraði

3 svefnherb.

• Orlofshús Einarstöðum

Í orlofsbyggðinni Einarstöðum, sem er 10 km sunnan við Egilsstaði, er boðið upp á tvö 45 m²

orlofshús með þrem svefnherbergjum. Í einu herbergjanna er hjónarúm og aukarúm en kojur í hinum. Í byggðinni eru leiktæki fyrir börn.

Einarsstaðir eru sérstaklega vel staðsett m.t.t. ferðalaga á Austurlandi.



Klifabotni í Lóni
3 svefnh.

• Orlofshús Klifabotni Lóni

Boðið er upp á 60 m² orlofshús í Klifabotni Lóni, um 25 km. fyrir austan Höfn. Í húsinu er þrjú svefnherbergi. Öll herbergin eru með koju, en í tveim herbergjanna eru breiðar neðri kojur.

Húsið er vel staðsett fyrir þá sem áhuga hafa að skoða suðaustur hluta landsins, þar er að finna fjölmargar náttúruperlur.

• Orlofshúsið Mörk Grímsnesi



Mörk Grímsnesi
3 svefnherb. / Heitur pottur

Orlofshúsið er um 52 m² að stærð með þremur svefnherbergjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri kója en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið.

• Orlofshúsið Útgarður Grímsnesi

Í boði er nýtt stórt orlofshús, um 100 m² (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmunum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m² svefnloft með tveim rúmunum og 4 dýnum.

Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett



Útgarður Grímsnesi
2 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum.



Ölfusborgir
3 svefnherb. + svefnsófi / H.pott.

• Orlofshús Ölfusborgum

Í boði er orlofshús í orlofsbyggðinni Ölfusborgum við Hveragerði. Húsið er 55 m² þrjú svefnherbergi. Í einu þeirra er hjónarúm en í hinum eru kojur. Góð verönd og heitur pottur er við húsið.

• Orlofshús í Grímsnesi (Hús í byggingu)

Um er að ræða 190 fermetra heilsárshús í Grímsnesinu. Húsið er glænýtt og verður eitt það flottasta á landinu. Það eru 3 góð svefnherbergi, sjónvarpsherbergi. Glæsilegt eldhús, borðstofa og stofa. Það eru 2 góð klósett í húsinu annað með baði og sturtu auk þvottahús/geymslu. Á neðri hæðinni er um 25 fermetra leikherbergi fyrir börnin og sauna.

10 mínútna akstur er í alla þjónustu á Selfossi auk þess sem að í nágrenninu eru 2 góðir golfvellar og örstutt inn á Þingvelli.

Reykingar og húsdýr

Fyrir tveim árum var ákveðið að banna reykingar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Þetta var gert til að verða við óskum fjölda félagsmanna sem reykja ekki og kæra sig illa um að vera í tóbaksreyk. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann.

Húsdýr eru ekki leyfð í orlofs- húsum og íbúðum.

Hótelgisting á Eddu


Félagsmönnum býðst gisting á Edduhótelum sem staðsett eru á Laugarvatni, Skógum, Vík í Mýrdal, Nesjaskóla við Höfn, Neskaupstað, Egilsstöðum, Eiðum, Stórutjörnum, Akureyri, Húnavöllum, Laugarbakka, Ísafirði, Laugum í Dalasýslu og Hellissandi.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávisun fyrir uppþúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelíð leggur til dýnur. Verð fyrir gistingu fyrir fjölskylduna er kr. 3.700,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt



Edda hótel
Fjölskyldan gistir fyrir
kr. 3.700,- pr. nótt.

framboð er hjá einstökum hótélum eftir tímabilum.



Gisting í farfuglaheimilum

Á síðasta ári var tekin upp sú nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra upp á gistingu í einhverju 26 farfuglaheimilum á Íslandi sem staðsett eru um allt land (sjá www.hostel.is).

Þeir sem kjósa að gista á farfuglaheimilum fá aðgang að rúmi, sæng kodd, snyrtingu, baðaðstöðu og gestaeldhúsi. Algengast er að ferðamenn hafi með sér sængurföt eða svefnpoka. Víða er hægt að leigja sængurföt og kaupa morgunverð. Yfirleitt er aukagjald fyrir þá sem vilja sér herbergi.

Þessi gisting býðst félagsmönnum og fjölskyldum þeirra á kr. 1.200,- nóttin fyrir fullorðna, börn 0-4 ára fá frítt, en 5-12 ára greiða hálf gjald.

Gistiávisanir fyrir farfuglaheimili er hægt að fá á Skrifstofu stéttarfélaganna. Allar nánari upplýsingar eru veittar þar eða á heimasíðu farfugla www.hostel.is eða á skrifstofu þeirra í síma 553-8110.



Útilega í boði þíns stéttarfélags

Orlofsnefnd stéttarfélaganna hefur ákveðið að taka upp þá nýbreytni að bjóða félagsmönnum og fjölskyldum þeirra í útilegu. Það gerist þannig að félagsmenn og fjölskyldur þeirra fara með sitt tjald, tjaldvagn, fellihýsi, hjólhýsi eða annan búnað á tjaldsvæði innanlands, fá löglegan reikning (númeraður reikningur með kennitölu

söluaðila og kaupanda þjónustu), framvísa síðan reikningnum á Skrifstofu stéttarfélaganna og fá endurgreiðslu allt að kr. 4.000 sumarið 2006.

Skilyrði fyrir þessari greiðslu er að félagsmaður sé í a.m.k. 50% starfi, sé fullgildur félagsmaður og hafi greitt félagsgjöld í a.m.k. 3 mánuði.

Umsóknarfrestur

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.vh.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 10. apríl nk.

Fullbókað á fimm námskeið

Tölvunámskeið stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum fyrir byrjendur hafa verið afar vinsæl meðal félagsmanna og hafa nú fimm námskeið verið haldinn í vetur og hefur verið fullbókað á þau öll. Námskeiðin hafa verið félagsmönnum að kostn-

aðarlausu. Til stendur að halda námskeið fyrir félagsmenn á Raufarhöfn helgina 11. til 12. mars. Hér eru nokkrar myndir frá námskeiðunum sem haldin hafa verið eftir áramót.



Skólaliðar 10 ára



Skólaliðarnir stilltu sér upp til myndatöku á þessum merku tímamótum.

Um þessar mundir eru liðin 10 ár síðan skólaliðar hófu störf í Borgarhólsskóla á Húsavík. Í tilefni

af því færði Verkalýðsfélag Húsavíkur skólaliðunum tertu frá félaginu.

Tölvunámskeið

Stéttarfélagin hafa áhuga á að halda áfram með tölvunámskeið fyrir félagsmenn, það er námskeið fyrir lengra komna, það eru þeir sem lokið hafa grunnnámskeiðum. Þá stendur einnig til að halda Exelnámskeið. Um er að ræða 12 tíma námskeið. Námskeiðin eru

félagsmönnum að kostnaðarlausu. Kennari verður Óskar Birgisson. Hægt er að skrá sig á Skrifstofu stéttarfélaganna sem jafnframt gefur nánari upplýsingar. Skráning stendur yfir til 20. mars. Samstarfsaðili er Fræþing.

Leikskólastarfsmenn funda

Nýlega heimilaði Launanefnd sveitarfélaga sem fer með samningsumboð fyrir flest sveitarfélög í landinu, sveitarfélögum að hækka laun starfsmanna, sérstaklega þeirra lægst launuðu. Flest sveitarfélög í Þingeyjarsýslum hafa samþykkt tilmæli Launaneðdarinnar og hækkað laun starfsmanna. Starfs-

menn leikskólanna á Húsavík komu nýlega saman til fundar með fulltrúum Verkalýðsfélags Húsavíkur og Starfsmannafélags Húsavíkur þar sem farið var yfir boðaðar breytingar á gildandi kjarasamningi og. Starfsmenn voru almennt ánægðir með breytingarnar.

Trúnaðarmenn á námskeiði



Trúnaðarmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum fara reglulega á námskeið á vegum félaganna. Leiðbeinandi á námskeiðinu um Áfallahjálp og stjórnum var Elín Jónasdóttir.

Rúmlega tuttugu trúnaðarmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum tóku þátt í námskeiðinu Áfallahjálp og stjórnum sem haldið var á vegum félaganna í janúar.

Áfallahjálp felst m.a. í sálrænni hjálpi til þeirra sem verða fyrir áfalli vegna utanaðkomandi áreitis t.d.

vegna, slyss, sjúkdóms, atvinnu- og ástvinnaMISSIS, skilnaðar. Talsmenn stéttarféлага þurfa oft að hjálpa fólki og sú aðstoð er oft á tíðum áfallahjálpi. Á námskeiðinu var farið yfir hvað áfallahjálpi er og hver stuðningur talsmanna getur verið þegar félagsmenn eru í vanda.

Ævintýraferð til Færeyja

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum standa fyrir ferð til Færeyja í sumar fyrir félagsmenn, maka og börn, sannkallaðri ævintýraferð. Farið verður með Norrænu þann 22. júní frá Seyðisfirði og komið heim aftur 29. júní. Í Norrænu verður gíst í fjögurra manna klefum með snyrtingu. Í Færeyjum verður gíst í Rúnavík í þrjár nætur og í Þórshöfn í tvær nætur. Gist verður í tveggja manna herbergjum með snyrtingu. Innifalið í verðinu er gisting, morgunverður, ferðir með Norrænu, rútuferðir um Færeyjar og íslensk fararstjórn. Allt verður gert til að gera þessa ferð sem skemmtilegasta og því má helst engin missa af henni. Gaman saman.



Verð:

Félagsmenn: kr. 50.000,-

Utanfélagsmenn: kr. 65.000,-

(makar sem ekki eru félagsmenn)

Börn yngri er 16 ára: kr. 40.000,-

Tekið er við skráningum í ferðina á Skrifstofu stéttarfélaganna til 17. mars. Þar er einnig hægt að fá frekari upplýsingar.

**Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Óxarfjarðar
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Þingið - félag iðnaðarmanna**

Bærinn semur við VH og STH

Þann 24. febrúar gengu fulltrúar frá Húsavíkurbæ annars vegar og Verkalýðsfélagi Húsavíkur og Starfsmannafélagi Húsavíkur hins vegar frá samkomulagi um útfærslur á störfum og kjörum stuðningsfulltrúa við leikskóla bæjarins. Sam-

komulagið byggir á því að starfsmenn sem sinna stuðningi við börn í samræmi við reglur um sérkennsluþjónustu í leikskólum Húsavíkurbæjar fá sérstakar álagsgreiðslur á laun. Allir aðilar voru sáttir við niðurstöðuna.

Sjómenn fagna nýjum bátum



Aðalfundur Sjómannadeildar VH fór fram rétt fyrir síðustu áramót. Líflegar umræður urðu á fundinum um málefni sjómanna s.s. kjaramál, starfsmenntun og skipulagsmál sjómannafélaga. Uppi hafa verið hugmyndir um að stofna landsfélag sjómanna. Sjómenn í Verkalýðsfélagi Húsavíkur telja það ekki réttu leiðina og hafna því slíkum hug-

myndum. Ekki var ályktað á fundinum, hins vegar fögnuðu menn tveimur nýjum línubátum sem nýlega höfðu verið keyptir til Húsavíkur. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn deildarinnar fyrir næsta starfsár: Jakob Gunnar Hjaltalín, Stefán Hallgrímsson, Matthías Sigurðsson, Björn Viðar og Haukur Hauksson.

Félagsferð til Króatíu

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum bjóða félagsmönnum upp á tvær ódýrar ferðir til Króatíu í sumar með ferðaskrifstofunni Trans - Atlantic. Sjá auglýsingu hér til hliðar. Flogið verður frá Akureyri. Fyrri ferðin verður farin 18. júní og síðari ferðin 29. júní. Félagsmenn fá 15 þúsund króna afslátt frá uppgæfnum verðum í auglýsingunni. Börn og utanfélagsmenn fá 3.000,- króna afslátt frá uppgæfnum verðum. Hægt verður að skrá sig í ferðina til 15. mars n.k. á Skrifstofu stéttarfélaganna. Þar er einnig hægt að fá nánari upplýsingar.

**Verkalýðsfélag Húsavíkur
Verkalýðsfélag Óxarfjarðar
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verslunarmannaf. Húsavíkur
Þingið - félag iðnaðarmanna**

Króatía

Beint flug frá Akureyri sumarið 2006

**18. - 29. júní (11 nætur),
29. júní - 9. júlí (10 nætur).**

Dæmi um verð:
2 fullorðnir, kr. 75.007 á manni (10 nætur)
2 fullorðnir og 2 börn (2-12 ára), 90.907 á manni (10 nætur)
2 fullorðnir og 3 börn (2-12 ára), 55.584 á manni (10 nætur)
Innifalið: Flug, skattar, bátal mat morgunnar, vaxtalið og skattur ferðagjafir.

Áfangastaðir Trans Atlantic í Króatíu eru Šibenik og Vlodice sem eru með vinsælustu ferðamannabæjum við Adríahafið.

Gist er á Solari Spa Hotel (3+ stjörnur) og Imperial Hotel (3 stjörnur). Bæði hótellin eru staðsett rétt við ströndina og bjóða upp á gistingu í flúðum eða herbergjum. Fjölbreytt afþreying og skemmtun fyrir báðum og fullorðna er fyrir hendi á báðum hótellunum. Hotel Solari Spa í Šibenik er stærsta spa-hótel Króatíu og býður upp á morgnskónar meðferðir fyrir sól og líkama. Hotel Imperial í Vlodice er umvafið fallegum garði og er útið til sjávar úr langflæstum herbergjum hótellsins.

- Mikill náttúruferðir - stórskógar, strendur, nýjar og þjófgarðar.
- Fjölbreytt afþreying - sjólangar, köfun, hestiferðir, skipulagðar skoðunarferðir, ströndaleik, tennis, líkamsrætt, dagskið fyrir börnin og meiri fleira.
- Skemmtanir, verslunir, veitinga- og kaffihús, fjölgir natúrufl.
- Menningaraleir - gamlir bæir og borgir með óskar stórkostlegu byggingar sem meistarar hvers eru á minjaskild UNESCO.



Trans - Atlantic

Trans - Atlantic ehf • Ráðhúlsstorgi 7 • Pósthólf 52 • 602 Akureyri • Sími 588 8900 • Símbref 588 8950 • www.transatlantic.is

Afsláttur af rútofargjöldum

Stéttarfélagin í Þingeyjarsýslum hafa samið við TREX ehf. sem er með sérleyfið frá Þórshöfn til Reykjavíkur um sérstök afsláttarkjör fyrir félagsmenn stéttarfélaganna. Samkomulagið er eftirfarandi:

Húsavík-Akureyri-Húsavík:

Félagsmenn fá 15% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 4.200,- og 15% afsláttur af því er kr. 3.600,- fyrir félagsmenn stéttarfélaganna.

Þórshöfn-Akureyri-Þórshöfn:

Félagsmenn fá 15% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir

kr. 10.600,- og 15% afsláttur af því gera kr. 9.000,- fyrir félagsmenn stéttarfélaganna.

Húsavík-Reykjavík-Húsavík:

Félagsmenn fá 25% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 17.400 og 25% afsláttur af því gera kr. 13.000,- fyrir félagsmenn.

Þórshöfn-Reykjavík-Þórshöfn:

Félagsmenn fá 25% afslátt frá fullu fargjaldi enda kaupir þeir báðar leiðir. Í dag er fargjaldið báðar leiðir kr. 23.600,- og 25% afsláttur af því gera kr. 17.700,- fyrir félagsmenn.

Fiskur og ferðapjónusta - Tímamót í sögu VH -



Almenn ánægja var með námskeið fyrir fiskvinnslufólk sem baldið var í janúar.

Föstudaginn 16. desember s.l. voru brautskráðir 11 nemendur frá Fræðslumiðstöð Þingeyinga eftir tveggja anna nám í ferðapjónustu. Verkefnið var samstarfsverkefni Verkalýðsfélags Húsavíkur, Fræðslumiðstöðvar Atvinnulífsins, sem samdi námskrána, Mímis símenntunar og Fræðings. Landsmennt styrkti námið að verulegu leyti. Námsleiðin heitir Fiskur og ferðapjónusta og hófst tilraunakennsla hjá Fræðingi þann 5. febrúar 2005. Kennnt var á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 09:00 - 12:40.

Fjórtán nemendur voru skráðir til náms við upphaf, tveir fóru fljótlega til annarra starfa, einn hóf nám í Samvinnuháskólanum á Bifröst á haustönn og þeir 11 sem þá stóðu eftir brautskráðust 16. desember. Óhætt er að segja að með þessu námsframboði hafi verið brotið blað í sögu Verkalýðsfélags

Húsavíkur þar sem svo löng námsleið hefur ekki verið í boði áður. Um var að ræða 300 stunda nám í faglegri ferðapjónustu auk margra fleiri greina m.a. ensku, faggreikningi, íslensku, skyndihjálpi og vistfræði. Námsleiðin hefur hlotið viðurkenningu Menntamálaráðuneytisins og er námið metið til allt að 24 eininga á framhaldsskólastigi.

Kennsla fór fram í húsnæði Þekkingarseturs Þingeyinga að Garðarsbraut 19 en nemendur komu víða að, frá Húsavík, Kelduhverfi og Mývatnssveit. Kennarar komu einnig víða að, frá Landbúnaðarháskólanum á Hólum, ferðamálabraut, frá Akureyri og Húsavík. Verkalýðsfélag Húsavíkur óskar nemendum til hamingju með áfangann um leið og félagið þakkar samstarfsaðilum fyrir samstarfið við námsleiðina.

Ósk með besta botninn

Fréttabréf stéttarfélaganna stóð fyrir samkeppni um besta botninn við fyrripart sem Jónas Friðrik samdi fyrir Fréttabréfið sem er svohljóðandi og var í síðasta Fréttabréfi:

Kætast allir krakkar nú kominn jólasveinn á ról.

Fjölmargin botnar bárust og sérstök dómnafnd komst að þeirri niðurstöðu að Ósk Þorkelsdóttir ætti besta botninn. Hér koma bestu botnanir og nöfn þeirra sem skipuðu þrjú efstu sætin:

1. verðlaun Ósk Þorkelsdóttir
Kætast allir krakkar nú kominn jólasveinn á ról.
Aðrir draga björg í bú borða vel um þessi jól.

2. verðl. Þorfinnur Jónsson
Kætast allir krakkar nú kominn jólasveinn á ról.
Gaman ef að gætir þú gefið öllum friðarjól.

3. verðl. Þorgrímur Björnsson
Kætast allir krakkar nú kominn jólasveinn á ról.
Hressi alla hátíð sú hækkar sólin eftir jól.

Obcokrajowcy uwaga!

Związki zawodowe informują iż z powodu braku nauczyciela, kurs nauki islandzkiego odbędzie się dopiero pod koniec kwietnia. Dokładne informacje będą ogłoszone później w "fréttablað"

gazecie związków zawodowych w kwietniu.

Przewodniczący związków zawodowych Aðalsteinn Baldursson

Sérhæfðir fiskvinnslumenn útskrifast

Það var fríður hópur starfsmanna Vísis á Húsavík og Laugafisks sem útskrifuðust eftir 40 stunda námskeið í janúar. Verkalýðsfélag Húsavíkur sá um framkvæmd námskeiðsins í samráði við Starfsfræðslunefnd Fiskvinnslunnar sem kostaði jafnframt námskeiðið að mestu leyti. Það sem var sögulegt við námskeiðið var að þetta er í fyrsta skiptið sem Verkalýðsfélag Húsavíkur heldur

námskeið fyrir fiskvinnslufólk þar sem erlent starfsfólk er í miklum meirihluta því aðeins einn íslendingur var á námskeiðinu. Erlendu starfsmennirnir voru mjög ánægðir með námskeiðið en þeir komu frá Póllandi og Rússlandi.

Na zdjęciu uśmiechnięta grópa z Visir i Laugafiskur po ukończeniu 40 godzinnego kursu dla pracowników produkcji rybnej.



Almenn ánægja var með námskeið fyrir fiskvinnslufólk sem baldið var í janúar.

Auglýsing um stjórnarkjör fyrir starfsárið 2006 -2007 og framboðsfrest hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar.

Aðalstjórn:

1. Kristín Kristjánsdóttir, formaður
2. Kristinn Lárusson, varaformaður
3. Hulda I.Einarsdóttir, ritari
4. Sigríður Jónsdóttir, gjaldkeri
5. Sigfús Kristjánsson, meðstjórnandi

Vinnustaður:

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar.
Dvalarheimilið Naust
Leikskólinn Barnaból
Geir ÞH 150

Til vara:

6. Svala Sævarsdóttir
7. Kristín Alfreðsdóttir
8. Þórður Úlfarsson
9. Þórarinn Þórisson
10. Guðrún Stefánsdóttir

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Sjúkrasjóður:

1. Kristín Kristjánsdóttir
2. Líney Sigurðardóttir
3. Svala Sævarsdóttir

Verkalýðsfélag Þórshafnar
Bókasafn Þórshafnarhrepps
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Til vara:

4. Axel Gunnarsson
5. Kristinn Lárusson

Samskip/Landflutningar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Trúnaðarráð:

(stjórn, varastjórn, 5 menn og 5 til vara)

1. Dóra Leósdóttir
2. Kristín Óladóttir
3. Svanur Snæþórsson
4. Albert Sigurðarson
5. Björg Þóroddsdóttir

Húsmóðir
Grunnskólinn á Þórshöfn
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Silkiprent og fánar
Dvalarheimilið Naust

Til vara:

6. Almar Marinósson
7. Sigurborg Hulda Sigurðardóttir
8. Lilja Ólafsdóttir
9. Margrét Níelsdóttir
10. Hrafnhildur Þorleifsdóttir

Trésmiðjan Brú.
Hraðfrystistöð Þórshafnar
Húsmóðir
Lónið
Sparisjóður Þórshafnar

Kjörstjórn:

1. Halldór Alfreðsson
2. Dagbjört Aradóttir

Fles ehf
Þórshafnarhreppur

Til vara:

1. Aðalbjörg Jónasdóttir
2. Níels Þóroddsson

Hraðfrystistöð Þórshafnar
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Orlofssjóður:

Stjórn Verkalýðsfélagsins hverju sinni.

Félagskjörnir endurskoðendur:

1. Jóhanna Helgadóttir
2. Elfa Benediktsdóttir

Þórshafnarhreppur.
Hraðfrystistöð Þórshafnar

Til vara:

3. Sólveig Óladóttir

Hraðfrystistöð Þórshafnar

Heimilt er hverjum fullgildum félagi að koma með breytingartillögur um félagi í einstakar trúnaðarstöður eða koma fram með nýja heildartillögu eða þá einstaka stjórn. Breytingartillögu skal fylgja skrifleg heimild frá þeim, sem stungið er upp á og meðmæli a.m.k. 15 fullgildra félagsmanna. Nýjum heildartillögum þurfa að fylgja skrifleg meðmæli a.m.k. 25 fullgildra félagsmanna. Gefin er frestur til 15. mars n.k. til að skila inn nýjum tillögum. Þeim skal skilað til skrifstofu félagsins á Þórshöfn. Allar tillögur sem berast skulu merktar eftir stafrófsröð í þeirri röð sem þær berast inn. Á tímabilinu 1. apríl til 1. maí skal kjörstjórn félagsins efna til allsherjaratkvæðagreiðslu og eða póstatkvæðagreiðslu samkvæmt lögum ASÍ þar að lútandi komi fram aðrar tillögur frá félagsmönnum fyrir 15. mars 2006.



Stjórn og trúnaðarmannaráð
Verkalýðsfélags Þórshafnar

Aðalsteinn í nefnd sem endurskoðar lög um kjaradóm

Þegar kjaradómur úrskurðaði alþingismönnum, ráðherrum og öðrum embættismönnum launa-hækkanir um síðustu áramót urðu miklar deilur í þjóðfélaginu og var málið tekið upp á Alþingi þar sem úrskurði kjaradóms var breytt og samþykkt að skipa nefnd til að yfirfara málið. Alþingi hefur nú skipað nefnd til að endurskoða lög

um kjaradóm og kjaranefnd. Meðal þeirra sem Alþingi skipaði í nefndina er Aðalsteinn Á. Baldursson formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur. Leitað var til Aðalsteins vegna þekkingar hans á þessum málum. Að sögn Aðalsteins hefur nefndin fundað stíft undanfarið og stefnt er að því að nefndin ljúki störfum í lok mars.



Heiðurskonan, Guðrún Ólafsdóttir befur lengi starfað hjá Laugafiski í Reykjadal við alls konar störf. Hér stendur búið við þvottavélarnar í Laugafiski og þvær þvott.

Deildir VH til skoðunar

Stjórn Verkalýðsfélags Húsavíkur samþykkti fyrir nokkru að skipa nefnd til að skoða hvort rétt sé að halda félaginu deildskiptu áfram. Í dag eru innan félagsins fjórar deildir, Sjómannadeild, Fiskvinnsludeild, deild starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og deild iðn-verkafólks. Nefndin hefur nú skilað af sér og leggur til að deildirnar


verði lagðar niður. Þess í stað verði trúnaðarmannakerfi félagsins eftir enn frekar, það er að þeir komi saman t.d. mánaðarlega og ræði sín mál og samskipti við stjórn félagsins og þá verði þeim boðið upp á regluleg námskeið sem nýtist þeim í daglegum störfum. Tillögur nefndarinnar verða teknar fyrir á aðalfundi félagsins í apríl.

Starfsmenn Fjallasýnar á námskeiði




Fjallasýn Rúnar Óskarssonar hélt skyndihjálparnámskeið fyrir starfsmenn í síðustu viku í samráði við Fræþing og Verkalýðsfélag Húsavíkur. Kennari á námskeiðinu

var Ingólfur Freysson. Námskeiðið er liður í því að efla starfsmenntun meðal starfsmanna Fjallasýnar. Hér má sjá nokkra af þátttakendum hlýða á kennarann.



Séreignardeild - Nafnávöxtun 2005



Tryggingadeild 2005

Nafnávöxtun	18,7%
Raunávöxtun	14,0%
Fjöldi sjóðfélaga	12.308
Fjöldi launagreiðenda	1.608
Fjöldi lífeyrisþega	3.952
Hlutfallsleg skipting lífeyris:	
Elillífeyrir	34,3%
Örorkulífeyrir	21,4%
Makalífeyrir	5,0%
Bamalífeyrir	1,9%

Samsetning eigna:

Skráð verðbréf með breytilegum tekjum	43%
Skráð verðbréf með föstum tekjum	51%
Óskráð verðbréf með breytilegum tekjum	2%
Óskráð verðbréf með föstum tekjum	1%
Veðlán	2%
Aðrar eignir	2%

Skipting eigna eftir gjaldmiðlum:

Eignir í íslenskum krónum	70%
Eignir í erlendum gjaldmiðlum	30%

Eignir umfram heildarskuldbindingar	-1%
Eignir umfram áfallnar skuldbindingar	10%

Rekstrarkostnaður í % af eignum	0,13%
Stöðugildi	8,1

Yfirlit um breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris

(tölur í þúsundum króna)

	2005	2004
Iðgjöld	2.131.937	1.917.150
Lífeyrir	-1.267.397	-1.137.343
Fjárfestingartekjur	7.568.920	6.061.662
Fjárfestingargjöld	-31.793	-28.579
Rekstrarkostnaður	-60.221	-56.511
Hækkun á hreinni eign á árinu	8.341.446	6.756.379
Hrein eign frá fyrra ári	39.167.662	32.411.283
Hrein eign til greiðslu lífeyris	47.509.109	39.167.662

Efnahagsreikningur í árslok

(tölur í þúsundum króna)

	2005	2004
Verðbréf með breytilegum tekjum	21.464.789	15.704.432
Verðbréf með föstum tekjum	24.094.178	19.645.713
Veðlán	785.651	1.250.291
Bankalinnistæður	764.938	904.783
Aðrar fjárfestingar	0	467.840
Fasteignir	75.200	76.800
Veltiinnlán og aðrar eignir	493.192	868.459
Kröfur	252.336	285.039
Skuldir	-421.175	-35.694
Hrein eign samtals	47.509.109	39.167.662
Hrein eign Tryggingadeild	45.904.494	37.983.696
Hrein eign Séreignardeild	1.604.614	1.183.966
	47.509.109	39.167.662

Séreignardeild 2005

Safn I	
Nafnávöxtun	17,0%
Raunávöxtun ársins	12,3%
Safn II	
Nafnávöxtun	27,5%
Raunávöxtun ársins	22,5%

Stjórn

Kristján Þór Júlíusson formaður	Einar Einarsson
Signý Jóhannesdóttir varaformaður	Jón Karlsson
Ágúst Óskarsson	Kristján Björn Garðarsson
Björn Snæbjörnsson	Sirý Hrönn Haraldsdóttir
Frámkvæmdastjóri: Kári Amór Káason	



Strandgata 3 • 600 Akureyri • Sími 460-4500
Tölvupóstur: ln@ln.is • Helmasíða: www.ln.is

Umsókn um orlofshús og orlofsíbúðir 2006

Umsækjandi: Nafn: _____

Kennitala: _____

Heimilisfang: _____

Póstnúmer: _____

Sveitarfélag: _____

Heimasími: _____ Vinnusími / Farsími: _____

Dags.: _____

Áður fengið orlofshús: ☐ Já síðast árið _____

☐ Nei

Stéttarfélag: ☐ Verkalýðsfélag Húsavíkur

☐ Verkalýðsfélag Öxarfjarðar

☐ Verkalýðsfélag Þórshafnar

☐ Verslunarmannafélag Húsavíkur

☐ Starfsmannafélag Húsavíkur

☐ Þingið

Sótt er um: ☐ Orlofshús Illugastöðum

☐ Orlofshús Dranghólaskógi, við Lund í Öxarfirði

☐ Orlofshús Einarstöðum á Héraði

☐ Orlofshús Klifabotni, Lóni við Hornafjörð

☐ Orlofshús Útgarði í Grímsnesi

☐ Orlofsíbúðir Freyjugötu eða Asparfelli, Reykjavík

☐ Orlofsíbúð Alviðru í Dýrafirði

☐ Orlofsíbúð Sólheimum, Reykjavík (félagsm. S.T.H.)

☐ Orlofshús Kjarnaskógi, Eyjafirði

☐ Orlofshús Eiðum, Héraði

☐ Orlofshúsið Mörk, Grímsnesi

☐ Orlofshús Munaðarnesi við Borgarfjörð

☐ Orlofshús Hálsabóli við Grundarfjörð

☐ Orlofshús Ölfusborgum, við Hveragerði

☐ Orlofshús í Grímsnesi (nýtt)

☐ Gistiávísun á Hótel Eddu (til sölu í allt sumar)

☐ Gistiávísun á Farfuglaheimili (til sölu í allt sumar)

Sótt er um tímabilið: _____ / _____ til _____ / _____ 2006

Tímabil til vara: _____ / _____ til _____ / _____ 2006

Annað: _____

Umsóknir sendast til Skrifstofu Stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 Húsavík, sími 464-6600, fax 464-6601.
Umsóknir vegna sumarleigu árið 2006 þurfa að berast fyrir 10. apríl 2006.

Í Gullvild færðu betri kjör og frábæra þjónustu

Þinn ávinningur:

- 200 fríar debetkortafærslur
- 6% endurgreiðsla vaxta
- ókeypis gulddebetkort
- ókeypis greiðsluþjónusta
- 50% afsláttur af gulkreditkort
- Betri vaxtakjör

GULLVILD ÍSLANDBANKA er heildarþjónusta sem hentar jafnt einstaklingum sem fjölskyldum og skilar drögum ávinningi í formi afsláttar og endurgreiðslu. Auk þess standa þér ýmsir þjónustupættir til boða þér að kostnaðarlausu.

Fáðu nánari upplýsingar um Gullvild hjá þjónustufulltrúum okkar, í þjónustuveri í síma 440 4000 og á isb.is.



ÍSLANDBANKI | 100%

Tímaáætlun fólksflutninga

Akureyri - Húsavík - Þórshöfn

640

Akureyri - Húsavík

Gildistími 1/1-31/5

Frá	Mán-Fös	Mán-Fös	Mán-Fös	Sun	Lau	Sun	Flug	Til AEY	Frá AEY	
Akureyri	08:45 ⁽¹⁾	15:00 ⁽³⁾	18:15 ⁽⁴⁾	20:15 ⁽⁵⁾	12:15 ⁽²⁾	15:15 ⁽³⁾	↓	1) 8:30	8:55	Mán-Fös
Háls	9:05	15:20	18:35	20:35	12:35	15:35	↓	2) 11:45	12:10	Lau
Kross	9:25	15:40	18:55	20:55	12:55	15:55	↓	3) 14:45	15:10	Mán-Fös, Sun
Tjörn	9:45	16:00	19:15	21:15	13:15	16:15	↓	4) 17:45	18:10	Mán-Fös
Húsavík	10:00	16:10	19:30	21:30	13:30	16:30	↓	5) 20:00	20:25	Mán-Fös, Sun

640a

Húsavík - Akureyri

Gildistími 1/1-31/5

Frá	Mán-Fös	Mán-Fös	Mán-Fös	Sun	Lau	Sun
Húsavík	06:45 ⁽¹⁾	13:00 ⁽³⁾	16:30 ⁽⁴⁾	18:30 ⁽⁵⁾	10:30 ⁽²⁾	13:30 ⁽³⁾
Tjörn	6:55	13:10	16:40	18:40	10:40	13:40
Kross	7:15	13:30	17:00	19:00	11:00	14:00
Háls	7:35	13:45	17:15	19:15	11:15	14:15
Akureyri	8:00	14:15	17:45	19:45	11:45	14:45

680

Akureyri - Þórshöfn

Gildistími 1/1-30/4

Frá	Mán-Fös
Akureyri	8:45
Húsavík*	10:00 ⁽¹⁾
Ásbyrgi	10:45
Kópasker	11:25
Raufarhöfn	12:15
Þórshöfn	13:30

* Tenging við bíla til og frá Akureyri og flug þar

680a

Þórshöfn - Akureyri

Gildistími 1/1-30/4

Frá	Mán-Fös
Þórshöfn	14:00
Raufarhöfn	15:15
Kópasker	16:05
Ásbyrgi	16:35
Húsavík*	17:20 ⁽⁵⁾
Akureyri	19:45

VIÐKOMUSTAÐIR

Akureyri - Esso, Leirunesti
Háls (ef farþegar)
Kross (ef farþegar)
Tjörn (ef farþegar)
Húsavík - Esso
Ásbyrgi (ef farþegar)
Kópasker - Esso
Raufarhöfn - Íslandsþóstur
Svalbarð (ef farþegar)
Þórshöfn - Esso